

Borgarráð
31. júlí 2018

Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflökks Íslands um að kanna væntingar og þarfir einstaklinga í húsnæðisvanda

Lagt er til að Reykjavíkurborg kanni væntingar og þarfir einstaklinga sem eru í húsnæðisvanda í borginni. Til að fá heildstæða mynd af aðstæðum þarf að ræða við fólkið í húsnæðisvanda og eru eigindlegar rannsóknaraðferðir þar hentugar, hvort sem slíkt er t.d. í formi hálfstaðlaðra viðtala eða í rýnihópum.

Greinargerð:

Gríðarleg húsnæðiskreppa ríkir í borginni og margir einstaklingar og fjölskyldur eru án húsnæðis og/eða heimilis. Þarfir þessara einstaklinga eru ólíkar og nauðsynlegt er að byggja upp húsnæði í takt við væntingar og þarfir þeirra. Rödd fólksins sem er í húsnæðisvanda þarf að komast að borðinu þar sem ákvarðanir eru teknar og því gríðarlega mikilvægt að kanna hverjar væntingar og þarfir þeirra sem eru á biðlista eftir félagslegu húsnæði eða annarskonar búsetuúrræði, eru. Þar þarf einnig að kanna væntingar þeirra sem skilgreinast sem utangarðs og hvaða áherslur þeir leggja á í búsetuúrræðum sínum. Væntingar og langanir til húsnæðis eru ólíkar, sumir vilja dvelja í blokk, aðrir ekki, dæmi eru um að einstaklingar vilji dvelja í húsbílum, enn aðrir vilja búa í rými með sameiginlegri aðstöðu, svo dæmi séu nefnd. Í húsnæðisuppbyggingu þarf að taka mið af þessum röddum og er slíkt ómissandi þáttur í að leysa húsnæðisvandann. Þess vegna leggur Sósíalístaflökkurinn til að haft verði samband við þessa einstaklinga og eigindlegar rannsóknaraðferðir notaðar til að kanna væntingar þessara ólíku hópa og einstaklinga.